



FUNDARGERÐ

128. fundur stjórnar SSV

Stjórnarfundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 25. janúar 2017 kl. 10.00 á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3.

Mætt voru; Hafdís Bjarnadóttir, Guðveig Eyglóardóttir, Ása Helgadóttir, Hulda Hrönn Sigurðardóttir, Ingveldur Guðmundsdóttir, Hilmar Hallvarðsson, Árni Hjörleifsson, Eyþór Garðarsson, Eggert Kjartansson og Valgarður Jónsson. Raket Óskarsdóttir, formaður SSV, Magnús Smári Snorrason og Björn Hilmarsson boðuðu forföll. Varamaður Magnúsar, Hulda Hrönn mætti í hans stað. Auk þess sátu fundinn Páll S Brynjarsson, framkvæmdastjóri og Hrefna B Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Páll Brynjarsson setti fund kl. 10:05

Þar sem formaður forfallaðist með stuttum fyrirvara, og undir níunda lið í dagskrá fundarins var kosning varaformanns, bar framkvæmdastjóri upp tillögu að breytingu á dagskrá þess efnis að 9. liður yrði færður undir lið 1 og aðrir liðir í dagskrá breytist samkvæmt því.

1. Kosning varaformanns SSV

Tillaga lögð fram um að Hafdís Bjarnadóttir verði varaformaður SSV og var hún samþykkt samhljóða. Hafdís þakkaði stjórn traustið, bauð fundarmenn velkomna til fundarins og gekk til dagskrár.

2. Framlögð fundargerð frá 127. fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 127. fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

3. Almenningsamgöngur

a. Rekstur almenningsamgangna

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsamgangna á rekstrarsvæði SSV árið 2016. Reksturinn var í jafnvægi og stóðu tekjur undir gjöldum, en rekstrarniðurstaða var jákvæð upp á tæpa eina milljón. Í umræðunni kom fram að uppsafnað rekstrartap á almenningsamgöngum frá 2012 er ríflega 5 m.kr.

b. Mögulegar breytingar á leiðarkerfi almenningsamgangna á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað yfir mögulegar breytingar á leiðarkerfi Strætó fyrir sumarið 2017. Framkvæmdastjóri reifaði m.a. fyrsta fund sem haldinn hefur verið til að hefja undirbúning á sumarátlan Strætó á landsbyggðinni. Lagt hefur verið til að sumarátlan hefjist 28. maí sem er viku fyrr en hefur verið. Rætt var um mögulegar breytingar á leiðarkerfinu og

framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögu að sumaráætlun á næsta fundi stjórnar SSV. Einnig kynnti framkvæmdastjóri að í gangi er skoðun á því hvort hægt sé að tvinna saman almenningssamgöngur og skólaakstur í Fjölbrautarskóla Snæfellinga. Þá var rætt um nýja sjóðsvél sem komin er í flesta bíla sem keyra á Vesturlandi og gerir það að verkum að hægt verður að fylgjast vel með hvar farþegar koma inn og hvar þeir fara út svo þær munu tryggja nákvæmari yfirsýn yfir reksturinn.

c. Yfirfærsla á rekstri almenningssamgangan yfir í NVB ehf.

Lagt fram minnisblað um yfirfærsluna. Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblaðið. SSV á félagið eins og það er skráð í dag. Allar forsendur eru til staðar til þess að færa reksturinn yfir í félagið. Álit endurskoðenda SSV mælir eindregið með því að reksturinn verði færður yfir hið fyrsta. Ákveða þarf hlutafé FV og SSV og eignarhald. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að verkefninu.

4. Sóknaráætlun Vesturlands

Kynntar tillögur að nýjum áhersluverkefnum fyrir árið 2017.

- Verkefni 1: Nýsköpun, frumkvöðlar og tæknimenntun á Vesturlandi.
- Verkefni 2: Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi.
- Verkefni 3: Matarlandið Vesturland.
- Verkefni 4: Samstarf safna á Vesturlandi og áttak í kynningu á þeim fyrir íbúum og ferðafólki.

Framkvæmdastjóri fór yfir þessi verkefni. Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Í umræðu um þennan dagskrárlið var rætt um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi í Landsbankahúsinu á Akranesi og lýstu fundarmenn ánægju sinni yfir því að til viðbótar við starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og Starfsendurhæfingar yrði aðstaða fyrir frumkvöðla og aðila sem vinna að nýsköpun í atvinnulífi í húsinu.

5. Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2029

Lögð fram endurskoðuð tillaga að Samgönguáætlun Vesturlands, en búið er að taka tillit til umsagna sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með þá samgönguáætlun sem liggur fyrir og var hún samþykkt samhljóða. Næstu skref eru að kynna áætlunina fyrir ráðherra samgöngumála, þingmönnum NV-kjördæmis, samgöngustofu, Vegagerðinni og lögreglunni svo dæmi séu tekin. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram hugmyndir að eftirfylgni skýrslunnar og senda á stjórnarmenn.

Framkvæmdastjóri fylgdi úr hlaði minnisblaði vegna fundar sem hann átti með fulltrúum lögreglunnar, Vegagerðarinnar og Vesturlandsstofu, en lögreglan hafði átt frumkvæði að boðun fundarins. Umræða fundarins gekk út á umferðaröryggismál á Vesturlandi í tengslum við fjölgun ferðamanna. Niðurstaða fundarins var sú að vænlegast væri að fara í sérstakt áttaksverkefni á Vesturlandi sem stuðlar að auknu öryggi í umferðinni vegna fjölgunar ferðamanna á svæðinu. Stjórnarmenn voru sammála um að þetta væri afar þarft verkefni og samstarf þessara aðila mikilvægt.

6. Málafni fatlaðra

Lögð fram tillaga að skiptingu viðbótarframlags til málefna fatlaðra árið 2016. Framlagið er að upphæð kr.22.492.000.-

Akranes/Hvalfjörður	kr. 14.304.912	63,6%
Borgarbyggð/Dalabyggð/Skorradalur	kr. 6.117.824	27,2%
Snæfellsnes	kr. 2.069.264	9,2%

Framkvæmdastjóri fylgdi skiptingu viðbótarframlags úr hlaði. Samþykkt samhljóða.

Uppgjör vegna ársins 2016 liggur ekki fyrir en vonir standa til að upphæðir út frá SIS mati skýrist á næstu dögum. Fyrir er ekki hægt að ljúka uppgjóri 2016. Útlit er fyrir hækkun á SIS-mati fyrir árið 2017 en beðið er eftir upplýsingum frá Jöfnunarsjóði til að geta sett fram áætlun fyrir árið 2017.

Undir þessum dagskrárlið varð almenn umræða um málefni fatlaðra og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þar var m.a. rætt um einhliða ákvarðanir ríkisins varðandi fjárveitingar og nauðsyn þess að menn láti heyra í sér þegar ástæða þykir til.

7. Úthlutanir úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands árið 2017

Rætt um starfsemi Uppbyggingarsjóðs Vesturlands á árinu 2017 og úthlutanir úr sjóðnum. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra. Þar er lagt til að stjórn Uppbyggingarsjóðs fái heimildir til að úthluta á árinu 2017 uppsöfnuðu fjármagni menningar- og vaxtarsamninga alls 16,5 m.kr. til öndvegisverkefna. Tillagan var samþykkt. Auk þess var samþykkt að endurskoða verklags- og úthlutunarreglur sjóðsins að lokinni úthlutun nú í vor.

8. Alþjóðleg verkefni sem SSV tengist á árinu 2017

Lagt fram minnisblað um alþjóðleg verkefni sem SSV tengist á árinu 2017.

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefnin. Í fyrsta lagi er um hóp frá Eistlandi að ræða sem kemur í heimsókn dagana 25 – 27 apríl n.k. til að kynna sér ferðaþjónustu og markaðssetningu á Vesturlandi. Í öðru lagi verður framkvæmdastjóri SSV annar af tveimur fulltrúum Íslands í verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar sem ber heitið Sjálfbær byggðapróun og er unnið með Nordregio, Norrænu byggðastofnuninni. Í þriðja lagi er SSV aðili að tveimur umsóknum um alþjóðleg verkefni, en ekki er vitað hvort þau fái brautargengi.

9. Starfsmannamál

Rætt um starfsmannamál SSV, en Ólafur Sveinsson forstöðumaður atvinnuráðgjafar SSV hefur fengið leyfi frá störfum forstöðumanns meðan hann er starfandi stjórnarformaður Loftorku í Borgarnesi. Ólafur mun sinna sérverkefnum fyrir SSV á þessum tíma í 20% starfshlutfalli. Vífill Karlsson verður forstöðumaður atvinnuráðgjafar meðan Ólafur er í leyfi. Margrét Björk ferðamálafræðingur mun verða DMP ráðgjafi á Vesturlandi en áætlað er að það verkefni fari af stað 1. apríl og standi út árið. Sértekjur mun fylgja þessu verkefni. Í kjölfarið varð umræða um starfshlutföll starfsmanna og verkefni. Stjórn samþykkti að heimila framkvæmdastjóra að ráða starfsmann tímabundið eða leita til verktaka til að vinna ákveðin verkefni fyrir SSV.

Að loknu þessum dagskrárlið var gert matarhlé og á meðan á því stóð kynnti framkvæmdastjóri nýja heimasíðu SSV fyrir stjórnarmönnum.

10. Stefnumótun SSV

Rætt um stefnumótun fyrir SSV. Framkvæmdastjóri fór yfir þá umræðu sem varð á vinnufundi formanna og framkvæmastjóra landshlutasamtaka um hlutverk samtakanna og skipulag. Niðurstaða stjórnar var að fela framkvæmdastjóra að boða til vinnufundar um stefnumótun SSV.

11. Framlögð mál

a. Lagt fram yfirlit frá framkvæmdastjóra um fundi sem hann hefur sótt í desember og janúar.

Framkvæmdastjóri fylgdi yfirliti funda eftir.

b. Saga jarðvangur

Lagt fram minnisblað þar sem fram kemur að Saga jarðvangur í uppsveitum Borgarfjarðar verður formlega stofnaður laugardaginn 28. janúar n.k. SSV hefur átt fulltrúa í undirbúningsstjórn og gerir stofnskrá ráð fyrir að svo verði áfram. Fundarmenn var sammála um að svæðisbundin verkefni sem þetta væri jákvætt og mikilvægt að styðja við slík verkefni eftir megni. Rætt um það fordæmi að leggja stofnfé í svæðisbundið verkefni. Ákveðið var að vísa þeirri umræðu til væntanlegs stefnumótunarfundar.

12. Önnur mál.

Eypór Garðarsson vakti máls á fundi Samráðshóps um eflingar sveitarstjórnarstigsins sem verður í Borgarnesi 6. febrúar n.k.. Framundan er fundaherferð og hvatti Eypór fundarmenn til að mæta á fundinn. Eypór sat nýverið fund ráðgjafaráðs verkefnisins, en hann er varamaður Rakelar Óskarsdóttir í ráðgjafaráðinu.

Fundi slitið kl. 13.25